

Fundur í skólaráði 13. maí 2022

Mættir: Hanna Dóra, Lára, Trostan, Sigrún Björg, Hrund, Ragnhildur, Birna.

- Skólaslit. Verða á mánudegi 30. maí kl. 17 í Miðgarði. Hefðbundin dagskrá með afhendingu vitnisburða. Kaffiveitingar í skólanum á eftir.
- Viðurkenningar við skólaslit, stefnt að fækkun verðlauna en ekki stór breyting. Ein almenn fyrir námsárangur og framúrskarandi í þeim greinum þar sem framúrskarandi nemendur eru.
- Húsnæði og aðbúnaður skólahúsnæðis og útisvæðis. Hanna Dóra ræddi hvort skólaráð ætti að senda frá sér ályktun vegna ástands leiktækja, viðhald húsnæðis skólans og framkvæmdaáætlun þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru við skólann. Ályktun unnin og samþykkt. Skólastjóra falið að koma henni til réttara aðila. (Ályktun fylgir hér að neðan)
- Önnur mál:
 - Hanna Dóra greindi frá því að hún hefði sagt upp störfum.
 - Fulltrúi foreldra leggur til að Sveitadögum sé fækkað- auka álag á fólk. Ekki næg verkefni fyrir nemendur þessa daga. Málin rædd. Spurning hvort Frístund ætti að vera opin. Taka samtal um hvernig þetta á að vera. Verkefnin eru sum hver líka viðmikil eða þurfa að vera þannig að nemendur geti sjálfir unnið þau. Einnig hugmynd um hvort ætti að bjóða upp á annað nám í skólanum á meðan fyrir þá nemendur sem ekki hafa áhuga á sveitadögum. Býður upp á að nemendur grúppi sig saman og þannig verður til mismunun.
 - Eru tækifæri til að auka við félagsmál unglinga í skólanum? Einhverskonar samvera. Aðstæður þar sem þau hittast og eru saman. Leita leiða til að búa unglingum aðstæður til að vera saman utan skóla.
 - Skilaboð vegna félagsmála komu stundum dálítið seint til foreldra þennan vetur.

Fundargerð ritaði Lára Gunnðís

Varmahlíð 13. maí 2022

Ályktun skólaráðs Varmahlíðarskóla um húsnæði, aðstöðu og aðbúnað.

Útisvæði:

Skólaráð Varmahlíðarskóla veur athygli á brýnni þörf þess að bæta aðstöðu og aðbúnað útisvæðis við Varmahlíðarskóla og þá sérstaklega það leiksvæði sem ætlað er yngri börnum. Núverandi leikvöllur, norðan skólahúsnæðis, er með gömlum og úr sér gengnum leiktækjum og malarundirlagi sem löngu er orðið tímabært að skipta út og gera endurbætur á. Umrædd leiktæki hafa fengið athugasemdir í úttektum hvað öryggisþætti varðar (sjá Aðalskoðun leiksvæða 2021, framkvæmda af BSI á Íslandi).

Skólaráð kallar eftir því að hið fyrsta verði gerðar úrbætur á leiksvæði yngri barna og leiktæki endurnýjuð.

Ákallið er sett fram þrátt fyrir fulla vitneskju um að nú stendur yfir heildarhönnun á framtíðarskipulagi skólahúsnæðis leik- grunn- og tónlistarskóla. Verði skipulag eða staðsetning leiksvæðis annað í nýrri hönnun skólahúsnæðis, þá eigi að vera hægt að færa leiktækin til, líkt og annars staðar hefur verið gert.

Skólaráð fagnar því að loksins sé kominn gangur í áform og undirbúning framkvæmda við endurgerð Varmahlíðarskóla og framtíðarhönnun skólahúsnæðis leik- grunn- og tónlistarskóla. En skólaráð minnir jafnframt á að viðhaldi skólans þarf áfram að sinna þar til nýtt og endurgert húsnæði verður tilbúið. Margt er komið á tíma í endurbótum og óbreytt frá því skólaráð sendi síðast ályktun þess efnis þann 1. febrúar 2019. Nefna má aftur að gólfteppi á göngum og tröppum skólans eru gengin niður í striga og endurnýja þarf gólfduka. Salerni eru óviðunandi, fatahengi í forstofu er orðið gamalt og úr sér gengið. Auk þess sem ljúka þarf endurnýjun á gleri í gluggum og endurnýja útihurð í forstofu. Framkvæmdum á þaki er enn ólokið og einnig frágangi við neyðarútgang sem nýlega var settur út af bókasafni.

Þá kallar skólaráð eftir því að nú þegar verði hafist handa við að undirbúa hugsanlegar leiðir og útfæra áform þess hvernig húsnæðismál skólans verða leyst meðan á fyrirhuguðum framkvæmdum stendur. Skólaráð leggur áherslu á að gott samráð verði við skólastjórnendur, skólaráð og foreldra um útfærslu þeirra áforma. Það sé mikið hagsmunamál fyrir alla aðila skólasamfélagsins og þá sérstaklega nemendur að framkvæmdatími verði vel skipulagður og nýttur, þannig að tími skólastarfs "á hrakhólum" sé lágmarkaður eins og unnt er.

Skólaráð Varmahlíðarskóla hefur sammælt um ofangreinda ályktun sem skólastjóra er falið að koma til Sigfúsar Inga Sigfússonar sveitarstjóra, Hrefnu Jóhannesdóttur oddvita Akrahrepps og Axels Kárasonar formanns fræðslunefndar. Afrit einnig sent Herdísi Sæmundardóttur sviðsstjóra fjölskyldusviðs og Selmu Barðdal fræðslustjóra.

Virðingarfyllst,
Hanna Dóra Björnsdóttir
skólastjóri Varmahlíðarskóla.